

UMSK

PINGGERD

37. PINGS U.M.S.K.

1960

PINGGERÐ

37. PINGS U.M.S.K.

1960

X Armanco p. Sigurdson
ÞINGGERÐ *X Steini Þorsteinsson*

37. ÞINGS U.M.S.K.

1. 37. þing U.M.S.K. var haldið 6. marz 1960 í Félagsheimili Kópavogs. Þingið var sett kl. 9.30 af formanni sambandsins, Páli Ólafssyni. Bauð hann þingfulltrúa velkomna til starfa.

2. Kosning starfsmanna þingsins:

1. þingforseti	Jón Guðmundsson
2. þingforseti	<i>X</i> Ármann Pétursson
3. þingforseti	Sigurður Grétar Guðmundsson
Ritarar:	Árni Stefánsson
	Björgvin Guðmundsson

3. Kosning kjörbréfanefndar:

Páll Ólafsson fór fram á breytingu á þingsköpum, - að kosin skyldi sérstök kjörbréfanefnd þrátt fyrir kjörnefndina. Samþykkt og hlutu þessir kosningu: Ármann Pétursson, Reynir Guðjónsson og Sigurður Grétar Guðmundsson.

Í kjörnefnd: Sig. Gr. Guðmundsson, Jón Tryggvason, Axel Jónsson, Ármann Pétursson, Guðjón Hjartarson.

4. Álit kjörbréfanefndar: Formaður kjörbréfanefndar, Ármann Pétursson, skýrði frá réttum kjörbréfum. Las hann upp nöfn fulltrúa og kynnti þá.

Frá U.M.F. Afturelding:

X Ásbjörn Sigurjónsson
Reynir Guðjónsson *VAR*
Lárus Halldórsson *VAR staki*
X Jón Guðmundsson
Tómas Sturlaugsson
X Guðjón Hjartarson form.

Frá U.M.F. Dreng:

X Steinar Ólafsson
X Haraldur Jónsson
X Þór Axel Jónsson
X Bergur Magnússon
X Gísli Ellertsson
X Magnús Sæmundsson
Helga Hannesdóttir
Helgi Jónsson form.

Frá U.M.F. Kjalnesinga:

Bjarni Þorvarðarson

Páll Ólafsson

X Jón Ólafsson

X Jón L. Tryggvason form.

Frá U.M.F. Breiðablik:

X Sigurður Gréтар Guðmundsson

Arni Stefánsson *var*

Unnar Jónsson

Gréтар Kristjánsson

X Daði Jónsson

X Bára Eiríksdóttir

X Gróa Jónatansdóttir

X Björgvin Guðmundsson form.

X *Samúel Guðmundsson*

X *Johann Guðherson*

5. Skýrsla stjórnar - og reikningar: Skýrslu stjórnar fluttu Páll Ólafsson, Samúel Guðmundsson og Steinar Ólafsson.

Axel Jónsson tók til máls um skýrslu stjórnar og þakkaði stjórninni vel unnin störf. Ennfremur Ásbjörn Sigurjónsson og bar fram fyrirspurnir í sambandi við slysatryggingarsjóð. Páll Ólafsson svaraði.

6. Fréttir frá Í.S.Í. Axel Jónsson ræddi m.a. um undirbúning að fimmtíu ára afmæli Í.S.Í. 1962.

7. Fréttir frá U.M.F.Í. Skúli Þorsteinsson ræddi á við og dreif og mjög ítarlega starfsemi U.M.F.Í. Síðan tóku til máls Axel Jónsson, Jón Guðmundsson, Steinar Ólafsson og Ármann Pétursson.

8. Álit kjörnefndar um nefndir:

Allsherjarnefnd:

X Bergur Magnússon

X Sig. Gréтар Guðmundsson

Reynir Guðjónsson

X Páll Ólafsson

Gréтар Kristjánsson.

Félagsmálanefnd:

X Jón Ólafsson

Arni Stefánsson

X Helga Hannesdóttir

X Magnús Sæmundsson

X Daði Jónsson.

Fjárhagsnefnd: X Ásbjörn Sigurjónsson
 X Steinar Ólafsson
 X Björgvin Guðmundsson.

Laga- og skipulagsnefnd: X Jón Guðmundsson
 X Axel Jónsson
 X Ármann Pétursson
 X Haraldur Jónsson
 X Bára Eiríksdóttir.

Íþróttanefnd: X Guðjón Hjartarson
 Unnar Jónsson
 X Samúel Guðmundsson
 X Gísli Ellertsson
 X Jón Tryggvason.

Tillögur kjörnefndar samþykktar samhljóða.

9. Íþróttamál:

Framsögumaður Samúel Guðmundsson lagði m.a. til að skipuð yrði nefnd, sem annast skuli skipulag íþróttanna skipuð einum manni frá hverju félagi. Ennfremur tóku til máls Axel Jónsson, Ásbjörn Sigurjónsson og Páll Ólafsson.

10. Fréttir frá sérsamböndum:

frá Handknattleikssambandi Íslands: Ásbjörn Sigurjónsson
frá Knattspyrnusambandi Íslands: Björgvin Guðmundsson
frá Sundsambandi Íslands: Axel Jónsson
frá Frjálsíþróttasambandi Íslands: Jón Guðmundsson

11. Slysaftryggingar:

Framsögumaður Páll Ólafsson ræddi ítalega um slysaftryggingar og gerði þingfulltrúum grein fyrir þessu máli. Ennfremur gerði hann grein fyrir tillögum Guðjóns Hansen tryggingarfr. um slysaftryggingarsjóði.

12. Saga Sambandsins:

Framsögumaður Ármann Pétursson. Upplýsti hann að Loftur Guðmundsson væri kominn á nokkurn rekspól með verkið, og ritið yrði líklega byggt upp með stuttum frásögnum og myndum.

Hannes Þ. Sigurðsson flutti kveðjur framkvæmdarstjórnar í.S.í. og ræddi einnig um slysatryggingar.

Einnig tóku til máls Ásbjörn Sigurjónsson, Páll Ólafsson, Skúli Þorsteinsson og Axel Jónsson.

14. Ýms mál til nefnda:

Axel Jónsson bar fram tillögu um breytingu á þingsköpum.

15. Nefndaálit:

Félagsmálanefnd, framsögum. Magnús Sæmundsson.

1. Um eflingu skemmtanalífs á félagssv.	fskj.	2
2. Þakkir til sýslunefnda o.fl.	-	3
3. Um bridge og skákkeppni	-	4
4. Um utanferð	-	5
5. Um kosningu nefndar til aðstoðar við útgáfu á sögu sambandsins	-	6

Samþykkt samhljóða.

Allsherjarnefnd, framsögum. Reynir Guðjónsson.

1. Um aðalfundi félaga	fskj.	7
2. Kynningar og skemmtisamkomur	-	8
3. Um starfsípróttir	-	9
4. Um Skinfaxa	-	10

Íþróttanefnd, framsögum. Guðjón Hjartarson.

1. Um handknattleik og knattspyrnu á næsta landsmóti	fskj.	11
2. Um þátttöku í íþróttaviku í.S.í.	-	12
3. Um þátttöku í norrænu sundkeppninni	-	13
4. Um íþróttakappleiki við einstök félaga- samtök í öðrum héruðum	-	14
5. Um upptöku handknattleik karla á landsmóti U.M.F.í.	-	15
6. Um undirbúning þátttöku í landsmóti U.M.F.í. að Laugum 1961	-	16
7. Um lágmarksárangur á mótum U.M.F.í.	-	17

Laga- og skipulagsnefnd, framsögum. Axel Jónsson.

1. Um slysatryggingar íþróttamanna	fskj.	18
2. Um heimild stjórnar að gerast aðili að slysatryggingarsjóði	-	19

3. Um breytingar á fundarsköpum	fskj.	20
4. Um lagabreytingu	-	21
5. Um viðbótartill. við 5. gr. sambandslaga ..	-	22
6. Um greiðslu til Aftureldingar v/slyss	-	23
7. Um bikarkeppni	-	24

Fjárhagsnefnd, framsögum. Ásbjörn Sigurjónsson.

1. Um kosningu fimm manna fjáröflunarnefndar .	-	25
------------------------------------------------	---	----

16. Önnur mál:

Árni Stefánsson tók til máls, minntist á dvöl erlends herliðs og bar fram tillögu. Urðu miklar umræður. Tóku margir til máls: Sigurður Grétar Guðmundsson, Axel Jónsson, Páll Ólafsson, Jón Ólafsson, Ármann Pétursson, Björgvin Guðmundsson, Jón Guðmundsson. Árni dró sína tillögu til baka en bar aðra fram ásamt Axeli Jónssyni. Tillaga kom fram frá allsherjarnefnd og breytingartillaga frá Árna Stefánssyni og Axeli Jónssyni þannig samþykkt, merkt þingskjal 26.

Tillaga frá allsherjarnefnd um fiskveiðilandhelgina fskj. 27.

17. Stjórnarkjör og aðrar kosningar:

Sigurður Grétar Guðmundsson framsögumaður kjörnefndar gerði grein fyrir tillögum hennar, sem síðan voru samþykktar samhljóða.

Formaður:

Páll Ólafsson

Varaformaður:

Sig. Gunnar Sigurðsson

Meðstjórnendur:

Steinar Ólafsson

Samúel Guðmundsson

Stefán Eypórsson

Varamenn:

Njáll Guðmundsson

Bjarni Þorvarðarson

Hafsteinn Árnason

Tómas Sturlaugsson

Björgvin Guðmundsson

Endurskoðendur:

Lárus Halldórsson

Ólafur Ág. Ólafsson

Til vara:

Guðjón Hjartarson

Jón Ólafsson

Héraðsdómstóll:	Lárus Halldórsson
Fjáröflunarnefnd:	Tómas Sturlaugsson Magnús Sæmundsson Björgvin Guðmundsson Jóhann Jónsson Jón Ólafsson
Fulltrúar á þing F.R.Í.:	Lárus Halldórsson Jón M. Guðmundsson Axel Jónsson
Varamenn:	Sigurður Grétar Guðmundsson Steinar Ólafsson Njáll Guðmundsson
Fulltrúar á þing K.S.Í.:	Björgvin Guðmundsson Grétar Kristjánsson
Varamenn:	Sigurður Guðmundsson Sigmundur Eiríksson
Fulltrúar á þing H.S.Í.:	Ásbjörn Sigurjónsson Skúli Skarphéðinsson
Varamenn:	Guðjón Hjartarson Jón M. Guðmundsson
Fulltrúi á þing Í.S.Í.	Axel Jónsson
Varamaður:	Sig. Gunnar Sigurðsson
Íþróttaráð:	Janus Eiríksson Unnar Jónsson Jón L. Tryggvason Helgi Jónsson Hildimundur Sæmundsson
Varamenn:	Sverrir Jónsson Grétar Kristjánsson Jón Ólafsson Magnús Sæmundsson Stefán Eypórsson
Till. stjórnar um menn í sögun.:	Ármann Pétursson Ólafur Ág. Ólafsson Lárus Halldórsson

Samþykkt.

19. Þingslit:

Tillaga forseta um að fela riturum þingsins að ganga frá þinggerð var samþykkt.

Páll Ólafsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði traust það sem honum hefði verið sýnt.

Forseti þakkaði þingfulltrúum gott samstarf og heimamönnum góðar veitingar.

Axel Jónsson kvaddi sér hljóðs og þakkaði Jóni Guðmundssyni góða og kröftuga fundarstjórn.

Því næst sleit forseti 37. þingi U.M.S.K.

Árni Stefánsson
ritari

Björgvin Guðmundsson
ritari

Þ I N G S K J Ö L

37. ÞINGS U.M.S.K. 1960

ÞINGSKJAL I:

Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosnir starfsmenn þingsins.
3. Kosning kjörbréfanefndar.
4. Álit kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar - og reikningar.
6. Fréttir frá U.M.F.Í.
7. Fréttir frá Í.S.Í.
8. Álit kjörnefndar um þingnefndir.
9. Íþróttamál.
10. Fréttir frá sérsamböndum.
11. Slysatryggingar.
12. Saga sambandsins.
13. Ljósmyndun.
14. Ýms mál til nefnda.
15. Nefndaálit.
16. Önnur mál.
17. Stjórnarkjör og aðrar kosningar.
18. Kosnir fulltrúar á þing F.R.Í., K.S.Í. og H.S.Í.
19. Þingslit.

ÞINGSKJAL II:

37. þing U.M.S.K. skorar á einstök félög sambandsins að efla eftir mætti skemmtanalíf á félagssvæðum sínum, svo sem með leik-sýningum og öðru sem félagsmenn sjálfir geta annazt. Ennfremur telur þingið æskilegt að félögin haldi sameiginlega skemmtun.

ÞINGSKJAL III:

37. þing U.M.S.K. þakkar sýslunefndum Gullbringu- og Kjósar-sýslu og bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar fyrir veittan fjárstyrk og þann skilning, er þessir aðilar hafa sýnt starfsemi sambandsins

fyrir og síðar.

DINGSKJAL IV:

37. þing U.M.S.K. leggur áherzlu á það, að bridge- og skák verði fastur liður í starfsemi sambandsins á hverjum vetri. Ennfremur skorar þingið á einstök félög að efla starfsemi sína innbyrðis í þessu tilliti og senda sveitir til keppni í greinum þessum.

DINGSKJAL V:

37. þing U.M.S.K. felur stjórn sambandsins að athuga möguleika á því, hvort fært sé að efna til utanferðar á vegum sambandsins á næsta sumri, ennfremur sameiginlegrar ferðar innanlands.

DINGSKJAL VI:

37. þing U.M.S.K. samþykkir að kjósa 3ja manna nefnd, sem verði stjórn sambandsins til aðstoðar við útgáfu á sögu U.M.S.K., sem ráðgert er að komi út á 40 ára afmæli sambandsins árið 1962.

DINGSKJAL VII:

37. þing U.M.S.K. álitur að það sé innanfélagsmál hvers félags innan sambandsins á hvaða árstíma þau haldi aðalfundi, eða við hvaða tíma þau miða reikningsár sitt.

DINGSKJAL VIII:

37. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum til stjórnar sambandsins, að hún gangist fyrir kynningar- og skemmtisamkomum, þar sem hvert sambandsfélag sjái um eitthvert skemmtiatriði.

DINGSKJAL IX:

37. þing U.M.S.K. telur að þróun starfsíþróttar hafi ekki verið sem skyldi hér á landi. Skorar þingið á stjórn U.M.F.Í. að endurskoða stefnu sína í þessum málum. Telur þingið leggja eigi meiri áherzlu á fræðslustarfsemi í því sambandi og eðlilegt að U.M.F.Í., Búnaðarfélag Íslands og Kvenfélagasamband Íslands hafi náið samstarf þar um.

ÞINGSKJAL X:

37. þing U.M.S.K. beinir þeim tilmælum sínum til stjórnar U.M.F.Í. að hún hlutist til um að málagn U.M.F.Í. -Skinfaxi- verði í nánara sambandi við ungmennafélög út um land og í því sambandi afli sér fréttaritara sem víðast um landið.

ÞINGSKJAL XI:

37. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórn sambandsins að tilkynna þáttöku í handknattleik og knattspyrnu á næsta landsmót U.M.F.Í.

ÞINGSKJAL XII:

37. þing U.M.S.K. skorar á einstök sambandsfélög að taka þátt í íþróttaviku F.R.Í. Jafnframt beinir þingið því til stjórnarinnar að veita því félagi, er beztum árangri nær, viðurkenningu.

ÞINGSKJAL XIII:

37. þing U.M.S.K. hvetur sambandsfélögin að taka virkan þátt í norrænu sundkeppninni í sumar.

ÞINGSKJAL XIV:

37. þing U.M.S.K. felur stjórninni að athuga möguleika á því, að efna til íþróttakappleika við einstök félagasamtök í öðrum héruðum.

ÞINGSKJAL XV:

37. þing U.M.S.K. samþykkir að fela stjórninni að vinna að því, að handknattleikur karla verði tekinn upp á landsmóti U.M.F.Í. að Laugum 1961.

ÞINGSKJAL XVI:

37. þing U.M.S.K. beinir því til stjórnar sambandsins að hefja undirbúning að þáttöku í landsmóti U.M.F.Í. 1961 m.a. með því að fá þjálfara fyrir þær greinar, sem sambandið tekur þátt í.

ÞINGSKJAL XVII:

37. þing U.M.S.K. telur að ekki sé tímabært að framkvæmdanefnd landsmóts U.M.F.Í. ákveði lágmarksafrek fyrir þátttöku á íþróttakeppni mótsins. Þingið bendir á að ávallt hefur það verið talið höfuðtakmark þessara móta að fá sem flesta þátttakendur til leiks. Það fer hinsvegar eftir áhuga og getu hvers héraðssambands hve marga keppendur það sendir. Stjórnir héraðssambandanna geta hinsvegar hver í sínu lagi sett ákveðin takmörk innan sinna samtaka.

ÞINGSKJAL XVIII:

37. þing U.M.S.K. fagnar því að líkur benda til að slysatryggingarsjóður íþróttasamtakanna verði stofnaður bráðlega. Þingið ítrekar fyrri samþykktir sambandsins um nauðsyn þess að fyrrnefndur sjóður verði stofnaður. Þingið felur stjórn sambandsins að leita nú þegar samkomulags við stjórn Í.B.R. um að íþróttamenn U.M.S.K. njóti trygginga hjá Í.B.R. þar til slysatryggingarsjóður heildarsamtakanna tekur til starfa.

ÞINGSKJAL XIX:

37. þing U.M.S.K. samþykkir að veita stjórn sambandsins heimild til að gerast aðili að slysatryggingarsjóði íþróttasamtakanna.

ÞINGSKJAL XX:

1. grein orðist svo: Formaður U.M.S.K. setur héraðsþing og stjórnar kosningu 3ja manna kjörbréfanefndar, 1., 2. og 3. þingforseta og tveggja þingritara.

5. grein, upphaf greinarinnar orðist svo: Kjörnefnd, sem skipuð er einum fulltrúa frá hverju félagi U.M.S.K., gerir tillögur um fulltrúa í eftirfarandi nefndir: 1. Fjárhagsnefnd, 2. Íþróttanefnd, o.s.frv.

ÞINGSKJAL XXI:

7. grein sambandslaganna orðist svo: Innan sambandsins starfar íþróttaráð, sem er skipuð einum fulltrúa frá hverju félagi, kosnum á héraðsþingi til eins árs í senn. Íþróttaráð skal ásamt

sambandsstjórn ákveða íþróttamót sambandsins hvert starfstímabil. Íþróttaráð skal sjá um framkvæmd íþróttamóta þeirra, er sambandið heldur eða sér um. Einnig skal íþróttaráð sjá um þátttökutilkynningar íþróttamanna, er keppa í nafni sambandsins á mótum utan sambandssvæðis. Sambandsstjórn kallar íþróttaráð saman í fyrsta sinn og skal á þeim fundi kosinn formaður íþróttaráðsins. Íþróttaráð gefur skýrslu á héraðsþingi.

ÞINGSKJAL XXII:

Viðbótartillaga við 5. grein sambandslaganna: Á eftir orðunum, þá skal kjósa 2 endurskoðendur og 2 til vara, komi: Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar.

Lagt til að tillagan verði lögð fram á næsta þingi.

ÞINGSKJAL XXIII:

Varðandi tillögu Ásbjörns Sigurjónssonar og Reynis Guðjónssonar um að Aftureldingu verði greiddar kr. 1.200,00 vegna Antons Sigurðssonar, leggur nefndin til að þeirri tillögu verði vísað til stjórnarinnar.

ÞINGSKJAL XXIV:

37. þing U.M.S.K. skorar á þau félag innan sambandsins, sem sjá sér það fært, að þau taki þátt í bikarkeppni K.S.Í.

ÞINGSKJAL XXV:

37. þing U.M.S.K. samþykkir að kjósa fimm menn í fjáröflunarnefnd til aðstoðar stjórn sambandsins við öflun tekna.

ÞINGSKJAL XXVI:

Fjárhagsáætlun fyrir árið 1960.

Tekjur:

1. Styrkur úr sýslusjóði Kjósarsýslu	Kr.	8.000,00
2. " " " Gullbringusýslu	"	2.000,00
3. " " " bæjarsjóði Kópavogs	"	6.000,00
4. Skattar frá sambandsfélögum	"	4.100,00
5. Vaxtatekjur	"	500,00
6. Styrkur frá Búnaðarsambandi	"	1.000,00
		<hr/>
		Kr. 21.600,00

Gjöld:

1. Kostnaður við þingið	Kr.	2.500,00
2. Styrkir til íþróttabridge o.fl.	"	6.000,00
3. Skattur til U.M.F.Í. og Í.S.Í.	"	1.230,00
4. Kostnaður við tryggingar og íþrm.	"	5.500,00
5. Verðlaunagripir	"	2.000,00
6. Ýmislegt	"	4.370,00
		<u>Kr. 21.600,00</u>

ÞINGSKJAL XXVII:

37. þing U.M.S.K. fagnar útfærzlu fiskveiðitakmarkanna við landið og samstöðu allra stjórnmalaflokkanna um málið.

ÞINGSKJAL XXVIII:

37. þing U.M.S.K. ályktar: Dvöl erlends herliðs í íslensku landi er ósamrýmanleg hugsjónum ungmennafélaganna. Þingið telur því að vinna beri að því, að herinn hverfi úr landinu svo fljótt sem auðið er.